

Fjádráttartrygging

Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
 - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
 - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framar almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Um vátrygginguna gilda lög nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga, ef eigi leiðir annað af skilmálum þessum eða öðrum ákvæðum vátryggingarsamnings.

Tjónagrunnur

Tilteknar upplýsingar um tjón sem tilkynnt eru í trygginguna eru færðar í tjónagrunn sem Samtök fjármálafyrirtækja reka samkvæmt sérstöku leyfi frá Persónuvernd. Sjóvá-Almennar tryggingar bera ábyrgð á vinnslu upplýsinganna en Creditinfo er vinnsluaðili þeirra. Tilgangur vinnslu upplýsinga í tjónagrunninum er að stemma stigu við tryggingarsvikum og koma í veg fyrir ofgreiðslu tryggingarbóta. Þessar upplýsingar eru skráðar í tjónagrunninn:

- Kennitala tjónþola
- Númer máls hjá félaginu
- Tegund tryggingar
- Tegund tjóns
- Dagsetning tjóns
- Dagsetning skráningar í grunninn
- Nafn viðkomandi vátryggingarfélags
- Staðsetningu tjóns
- Einkvæmt númer þess tryggða, s.s. ökutækis.

Starfsmenn tryggingafélaga sem starfa að tjónauppgjöri hafa einir aðgang að upplýsingum í grunninum. Upplýsingunum verður eytt þegar ekki er lengur þörf fyrir þær í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar tíu ár eru liðin frá skráningu.

Efnisyfirlit

1.	Gildissvið vátryggingarinnar	3
2.	Gildistaka og lok vátryggingar	3
3.	Breytingar, sem verða á meðan vátryggingin er í gildi.....	4
4.	Skyldur vátryggingartaka vegna tjónsatburðar	4
5.	Reglur um ákvörðun fjárhæðar vátryggingarbóta o.fl.	5
6.	Ágreiningur um bætur.....	5
7.	Varnarþing.....	5

1. Gildissvið vátryggingarinnar

- 1.1 Félagið bætir beint tjón, sem vátryggingartaki verður fyrir af völdum þess, að starfsmaður hans og/eða umboðs- og sölumaður dregur sér peninga eða verðbréf, sem hann hefur í vörslum sínum vegna starfs síns, eftir að vátryggingin tekur gildi.
- 1.2 Vátryggingin tekur ekki til fjádráttar starfsmanns, ef vátryggingartaki vissi eða grunaði, þegar félagið samþykkti vátryggingarbeiðni, að starfsmaðurinn hefði gerst sekur um fjádrátt hjá vátryggingartaka eða þriðja manni. Ekki skiptir máli, hvort refsað var fyrir fjádráttinn eða ekki.
- 1.3 Félagið greiðir aldrei bætur vegna fjádráttar, sem því berst tilkynning um síðar en 15 mánuðum eftir að hann var framinn og aðeins að því leyti, sem brotið var ekki framið í því skyni að hylma yfir, að starfsmaður dró sér fjármuni í eigu vátryggingartaka áður en vátryggingin tók gildi eða áður en greindur frestur hófst.

Vátryggingin tekur ekki til fjádráttar, sem félaginu berst tilkynning um síðar en 3 mánuðum eftir að vátryggingunni lýkur eða starfsmaður hvarf úr þjónustu hans.

2. Gildistími – Endurnýjun – Réttur til uppsagnar

Gildistími

Sé ekki annað ákveðið í lögum eða samningi tekur vátryggingin gildi á þeim degi, sem samningur um vátrygginguna er gerður, það er þegar félagið eða vátryggingartaki hefur samþykkt tilboð hins. Vátryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

Endurnýjun og uppsögn

Vátrygging, sem gildir í eitt ár eða lengur, er endurnýjuð fyrir eitt ár í senn, nema vátryggingartaki hafi tilkynnt félaginu um að hann vilji segja vátryggingarsamningnum upp. Vátryggingartaki getur sagt vátryggingunni upp skriflega með mánaðar fyrirvara hvenær sem er á vátryggingartímabilinu og miðast uppsögn við næstu mánaðamót þar á eftir. Eigi uppsögn að miðast við endurnýjun vátryggingarinnar skal tilkynning um uppsögn berast félaginu í síðasta lagi tveimur vikum fyrir lok vátryggingartímabilsins. Hafi vátryggingartaki ekki lengur þörf fyrir vátrygginguna eða fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn, getur hann þó sagt vátryggingunni upp með skriflegri tilkynningu til félagsins án sérstaks fyrirvara, sbr. 2. mgr. 14. gr. eða 3. mgr. 75. gr. laga nr. 30/2004.

Þegar vátrygging er tekin vegna atvinnurekstrar, þar sem umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemi fer að mestu leyti fram erlendis, getur vátryggingartaki aðeins sagt vátryggingunni upp við endurnýjun hennar og skal uppsögn í síðasta lagi hafa borist félaginu einum mánuði fyrir lok vátryggingartímabilsins.

Ef félagið hyggst ekki framlengja vátrygginguna skal tilkynna vátryggingartaka það í síðasta lagi tveimur mánuðum áður en vátryggingartímabilið er á enda. Félagið getur gert breytingar á vátryggingarskilmálum og iðgjaldi vátryggingarinnar. Slíkar breytingar taka gildi frá næstu endurnýjun vátryggingarinnar eftir að tilkynning um þær er send.

Réttur félagsins til uppsagnar á vátryggingartímanum

Félagið getur sagt upp vátryggingunni:

1. Ef gefnar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna, með 14 daga fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. eða 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004.
2. Ef vátryggingartaki hefur viðhaft sviksamlega háttsemi við upplýsingagjöf til félagsins um áhættuna, án fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. eða 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004. Auk þess getur félagið í slíkum tilvikum sagt upp öllum vátryggingasamningum sínum við vátryggðan.
3. Ef vátryggður veitir af ásetningu rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör vátryggingarbóta, með viku fyrirvara, sbr. 47. gr. og 15. gr. eða 120. gr. og 76. gr. laga nr. 30/2004. Auk þess getur félagið í slíkum tilvikum sagt upp öllum vátryggingasamningum sínum við vátryggðan.
4. Eftir að tjón hefur orðið, ef

- a. váttryggður hefur valdið tjóninu af ásetningi;
- b. váttryggður hefur brotið gegn varúðarreglum;
- c. fjöldi tjóna á skömmum tíma er meiri en eðlilegt telst, t.d. 3 tjón á 12 mánuðum. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.
5. Ef notkun hins váttryggða eða starfsemi váttryggðs breytist á váttryggingartímanum á þann hátt að:
 - a. Félagið hefði ekki tekið að sér váttrygginguna ef hinar nýju aðstæður hefðu legið fyrir við töku váttryggingarinnar.
 - b. Það hefur áhrif á möguleika félagsins til að endurtryggja áhættuna. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.
6. Við ítrekaðar vanefndir á greiðslu iðgjalds. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.
7. Ef alvarlegur trúnaðarbrestur verður milli félagsins og váttryggingartaka. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.

3. Breytingar, sem verða á meðan váttryggingin er í gildi

- 3.1 Váttryggingartaki skal strax tilkynna félaginu, ef starfsmaður, sem váttryggingin tekur til, lætur af störfum eða nýr starfsmaður er ráðinn. Váttryggingin gildir ekki fyrir nýjan starfsmann, án sérstaks samþykkis félagsins.
- 3.2 Hafi hins vegar verið samið um váttryggingu vegna allra starfsmanna váttryggingartaka, tekur váttryggingin til nýs starfsmanns, jafnskjótt og hann er ráðinn. Váttryggingartaka er skylt að láta félaginu í té upplýsingar um fjölda starfsmanna. Við endurnýjun váttryggingarinnar eða þegar henni lýkur skal endurskoða iðgjald með hliðsjón af því, hvort starfsmönnum váttryggingartaka hefur fækkað eða nýir bæts við.
- 3.3 Váttryggingartaki skal tilkynna félaginu tafarlaust um allar breytingar, er verða á stöðu eða verksviði starfsmanna eða eftirliti með þeim eða öðrum ráðstöfunum, sem gerðar eru í því skyni að koma í veg fyrir fjádrátt. Um áhrif vanrækslu í þessu efni fer eftir reglum laga um váttryggingarsamninga.
- 3.4 Ef áhætta breytist, má félagið hækka iðgjald eða segja váttryggingunni upp með viku fyrirvara, að því er tekur til þess starfsmanns, sem breytingin varðar. Noti félagið uppsagnarrétt þennan, skal það endurgreiða iðgjald, sem svarar til þess hluta af váttryggingartímanum, sem eftir er. Sama á við, ef starfsmaður deyr á váttryggingartímanum. Þegar váttryggingartaki tilkynnir félaginu um tjón, má það segja váttryggingunni upp með 14 daga fyrirvara. Uppsagnarfrestur þessi fellur niður, sé hann ekki notaður innan 14 daga frá því að tilkynnt var um tjónið eða bætur voru greiddar fyrir það.

4. Skyldur váttryggingartaka vegna tjónsatburðar

- 4.1 Strax og váttryggður fær vitneskju eða grun um, að starfsmaður hafi gerst sekur um fjádrátt, sbr. 1. gr., skal hann skýra félaginu frá því. Þetta á við, þótt hann ætli ekki að gera kröfur á hendur félaginu, annað hvort af því að starfsmaður hefur endurgreitt hið dregna fé eða hefur gert ráðstafanir til að endurgreiða það eða af einhverjum öðrum ástæðum. Jafnskjótt og váttryggingartaki fær vitneskju um, að starfsmaður hafi gerst sekur um fjádrátt eða aðra óráðvæðni gagnvart honum eða öðrum, er félagið laust úr ábyrgð, að því er varðar fjádrátt, sem starfsmaðurinn fremur síðar. Taki váttryggingin til allra starfsmanna váttryggingartaka, getur heildargreiðsla félagsins vegna allra tjónsatvika, sem tilkynnt er um á sama váttryggingartímabili, ekki orðið hærri en váttryggingarfjárhæð sú, sem greind er í skírteini eða iðgjaldskvittun.
- 4.2 Ef félagið óskar þess, skal váttryggingartaki, sem krefur félagið um bætur, kæra brot starfsmanns og ekki afturkalla kæruna án samþykkis félagsins. Félaginu er þó skylt, þegar það ákveður hvort kæra skuli eða afturkalla kæru, að taka tillit til eðlilegra óska váttryggingartaka og sérstakra aðstæðna, sem fyrir hendi eru hverju sinni.

5. Reglur um ákvörðun fjárhæðar váttryggingarbóta o.fl.

- 5.1 Þegar tilkynnt er um tjón eða bótakrafa gerð, má félagið gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að ganga úr skugga um hvað valdið hefur tjóni og hversu víðtækt það er. Váttryggingartaka er skylt að veita þær upplýsingar, sem félagið óskar eftir, þ.á m. um, hvort atvik, sem skýrt var frá, þegar váttryggingin var tekin, hafi breyst á váttryggingar- tímanum.
- 5.2 Hafi váttryggingartaki af stórfelldu gáleysi vanrækt eftirlit með starfsmanni, greiðir félagið aðeins tjón það, sem sannanlega verður ekki rakið til vanrækslunnar.
- 5.3 Eigi skal greiða bætur fyrir annað en beint tjón, eins og það er, eftir að dregnar hafa verið frá kröfur, sem starfsmaður kann að eiga á hendur váttryggingartaka, svo og andvirði trygginga, sem kunna að hafa verið settar fyrir kröfu váttryggingartaka gagnvart starfsmanni.
- Félagið greiðir ekki vaxtatap, rekstrartap eða kostnað, sem váttryggingartaki hefur orðið fyrir vegna endurskoðunar.
- 5.4 Um endurkröfurétt félagsins á hendur starfsmanni eða öðrum fer eftir lögum um váttryggingarsamninga.
- 5.5 Ef opinber rannsókn fer fram vegna brots starfsmanns, verður félagið ekki kafið um bætur fyrir en endanlegur dómur hefur gengið í málinu eða rannsókn hefur lokið án ákæru. Um gjalddaga váttryggingarbóta fer að öðru leyti eftir lögum um váttryggingarsamninga. Réttur til váttryggingarbóta fellur niður, ef bóta er ekki vitjað hjá félaginu innan eins árs frá því að félagið tilkynnti váttryggingartaka skriflega, að bætur væru tilbúnar til útborgunar.
- 5.6 Hafi félagið hafnað kröfu um váttryggingarbætur, fellur allur réttur váttryggingartaka niður, ef hann höfðar ekki mál til greiðslu bóta innan 6 mánaða frá því að kröfu var hafnað, sbr. 30. gr. laga um váttryggingarsamninga.

6. Ágreiningur um bætur

Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum www.fme.is og www.sjova.is, auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu hennar.

7. Varnarþing

Mál sem rísa kunna út af váttryggingu þessari skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Skilmálar þessi gilda frá 1. júlí 2015.

[Efst á skjal](#)